HLAÐVARPINN

Umsjónarmaður **HALLUR HALLSSON**

MÁLVERKASÝNING AÐ KJARVALSSTÖÐUM

„Úr fórum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar“

Um þessar mundir stendur yfir sýning að Kjarvalsstöðum og nefnist hún „Úr fórum Grethe og Ragnars Ásgeirssonar“. Hér er um að ræða sýningu á einstæðu safni málverka, sem þau hjónin eignuðust á árunum 1920 til 1960. Á sýningunni eru 153 verk, þar af 80 málverk eftir Jóhannes Kjarval, um 30 eftir Gunnlaug Scheving og um 30 verk eftir Höskuld Björnsson. Þá eru nokkrar fágætar myndir eftir Ásgrím Jónsson og einnig nokkrar myndir eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal. Elsta verkið á sýningunni er radering eftir Rembrandt en þá mynd kom Grethe með í búið frá foreldrum sínum í Danmörku. Það er því ljóst, að sýningin að Kjarvalsstöðum er hvalreki á fjörur íslenzkra listunnenda.


Ragnar Ásgeirsson fæddist 1895 og lést 1973. Hann fór ungur til náms í garðyrkju í Danmörku og komst þar í kynni við listamenn og listasöfn og vaknaði þá hjá honum sá listáhugi, sem entist honum alla ævi. Í Danmörku kynntist Ragnar konu sinni, Grethe Harne Nielsen frá Árósum. Í Kaupmannahöfn komst Ragnar í kynni við Jóhannes Kjarval, sem þá stundaði nám við listháskólann þar í borg. Þau kynni urðu upphaf langrar vináttu. Eftir að Ragnar kom heim ritaði hann mikið um listir og listsýningar. Hann kynnist mörgum listamönnum og dvöldust sumir þeirra langdvölum á heimili þeirra hjóna.

Blaðamaður Mbl. gekk um sali Kjarvalsstaða fyrr í vikunni í fylgd frú Evu Ragnarsdóttur, og bað hana velja nokkrar myndir og segja sögu þeirra. Hún varð góðfúslega við þessari beiðni. Af mörgu er að taka, margar perlur íslenzkrar málaralistar eru á sýningunni en Eva valdi fyrst Kjarvalsmálverk — Söknuð.


SÖKNUÐUR

„Jóhannes Kjarval og kona hans Tove urðu að slíta samvistum vegna þess, að hann gat ekki séð fjölskyldu sinni farborða. Staðreynd engu að síður, þó það komi sjálfsagt mörgum spánskt fyrir sjónir. Svo fór að Tove hélt af landi brott, annað hvort haustið 1924 eða 1925. Þrátt fyrir aðskilnað, þá héldust vináttubönd þeirra.

Skömmu eftir að Tove fór af landi brott, þá málaði Kjarval Söknuð. Það er sérkennileg drauma- og saknaðarstemmning yfir myndinni. Eftir að Tove fór héðan reyndi hún að aðstoða Kjarval á allan hátt í Danmörku. Hún skrifaði föður mínum bréf skömmu eftir að hún hafði sett upp mikla sýningu á verkum Kjarvals í Kaupmannahöfn árið 1931. Hún hafði sent boðskort til sendiráðsins en enginn hafði látið svo lítið að mæta við opnun sýningarinnar. Hún skrifaði föður mínum: „Huggun mín er sú, að þegar þessir hæfileikasnauðu sendiráðsmenn (þú skalt ekki halda, að þetta sé í eina skiptið sem ég hef orðið var við áhugaleysi þeirra, þó hingað til hafi ég



Söknuður.



Dverghamrar.



Andar öræfanna.



Frá Síðu í V-Skaftafellssýslu.

ÍSAFJÖRÐUR:

17 ára skíðakappi íþróttamaður ársins



Guðmundur Jóhannsson með hinn veglega bikar, sem honum var færður.
Mynd Mbl. Úlfar.

Nýlega var íþróttamaður ársins á Ísafirði kjörinn í fyrsta sinn. Sæmdarheitið hlaut Guðmundur Jóhannsson, skíðamaður. Hann er aðeins 17 ára gamall og hefur þegar afrekað mikið. Hann var í sigursveit Ísfirðinga á skíðamóti Íslands á síðastliðnu ári og hann varð bikarmeistari Skíðsambands Íslands í sínum aldursflokki. Þar hlaut hann fullt hús stiga og hafði mikla yfirburði yfir jafnaldra sína. Hann varð þrefaldur meistari, sigraði í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni. Hann bar sigur úr býtum á öllum skíðamótum, sem hann tók þátt í og er þá átt við þegar hann keppti við jafnaldra sína.

Guðmundur er mikið efni og Ísfirðingar binda miklar vonir við hann. Hann og Sigurður Jónsson, sá kunni skíðakappi eru systrasynir. Móðir Guðmundar er Helga Gunnarsdóttir og Steingerður er móðir Sigurðar.

Guðmundi var fyrir skömmu afhentur veglegur bikar ásamt viðurkenningarskjali og álitlegri fjárupphæð í hófi sem bæjarstjórn Ísafjarðar hélt honum í félagsheimilinu í Hnífsdal.

í leiðinni.....

Danskir líta fríhöfnina öfundaraugum:

Íslenzka ríkið ekki eins fégráðugt og hið danska

„Í Reykjavík er verzlun í fríhöfninni raunverulega skattfrjáls,“ segir í fyrirsögn danska



Harald Rytz ánægður á svip eftir að hafa verzlað í fríhöfninni í Keflavík.

blaðsins Berlingske Ferie. Að sjálfsögðu fyrirgefum við frændum vorum Dönum þó þeir rugli saman Keflavík og Reykjavík en í umræddri grein er viðtal við Harald Rytz, sölustjóra Flugleiða, og kennir þar margra grasa.

„Íslenzka ríkið rekur fríhöfnina, því það hefur einkaleyfi á sölu áfengra drykkja og tóbaks á Íslandi. Það er því ljóst, að íslenzka ríkið er ekki eins fégráðugt og hið danska, því hvergi í Evrópu er ódýrara að versla í Fríhöfn. Aðeins Amsterdam stenst samjöfnuð,“ sagði Rytz meðal annars í spjalli við blaðið. Þá þykir það mikill kostur, að hægt er að verzla í fríhöfninni við lendingu, en slíkt er ekki hægt annarsstaðar í Evrópu. Segir blaðið að slíkt væri óhugsandi í Danmörku, þar sem flugfélögin myndu þá missa af drjúgri tekjulind.

Blaðið ber saman verð á Prince-sígarettum í Keflavík, Kastrup og Stokkhólmi. Blaðið segir 200 sígarettur kosta 33,60 danskar krónur í Keflavík, 49 krónur í Kastrup og 60 krónur í Stokkhólmi. Þá segir í greininni að Sterling-flugfélagið reki flughöfnina í Kastrup en varla græði félagið mikið, — það geri hins vegar ríkissjóður. Á síðasta ári runnu 66 milljónir danskra króna í skatta og skyldur af fríhöfninni í Kastrup í danska ríkissjóðinn.

Illa gengur að koma saman fjárhagsáætlun á Akureyri

Úr Degi:

„Heyrst hefur að bæjarráði Akureyrar gangi illa að koma saman fjárhagsáætlun, sem unnið er að þessa dagana. Ástæðan er einfaldlega sú að rekstur bæjarins er orðinn svo mikill hluti af tekjunum að það vantar fé til framkvæmda.“